



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

Borg, 15. mars 2021

**Efni: Umsögn ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps um frumvarp til laga um stjórnskipunarlæg (kosningaaldur), 188. mál.**

Á fundi ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps þann 8. mars s.l. var tekið fyrir erindi frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um stjórnskipunarlæg (kosningaaldur), 188. mál. Eftirfarandi bókun var gerð:

**Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um stjórnskipunarlæg (kosningaaldur), 188. mál.**

*Fyrir liggur beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um stjórnskipunarlæg (kosningaaldur), 188. mál.*

*Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps telur að kosningaaldur ætti að fylgja sjálfræðisaldri, þá getur fólk tekið ábyrgð á gjörðum sínum og afleiðingum þess sem þeir kusu.*

*Engu að síður þarf að auka fræðslu á sviði lýðræðis og samfélagslegrar virkni á öllum skólastigum, styðja við grasrótastarf ungmenna þar sem þau reyna að hafa áhrif á samfélagið á sínum eigin forsendum, og tryggja að börn og ungmenni fái viðeigandi fræðslu um þátttöku í kosningum.*

*Það er einstaklega mikilvægt að kennslu/fræðsluefni sé sett fram á áhugaverðan og skapandi hátt sem hentar þroska og aldri.*

*Ungmennaráð koma skoðunum sínum í farveg í gegnum ungmennaráð, styrkja þarf starf ungmennaráðana í sveitarfélögum.*

Virðingarfyllst,  
f.h. ungmennaráðs



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR

*Steinar Sigurjónsson*

Steinar Sigurjónsson, þjónustufulltrúi